

**Aðalfundur Hollvinasamtaka Grenásdeildar**  
**haldinn á Grenásdeild LHS 06.06.2018 kl. 16:50 til 18:30.**

Auk fundarstjóra, stjórnar og fulltrúa Grenásdeildar voru nokkrir hollvinir Grenásdeildar mættir á fundinn.

Formaður bauð alla velkomna og lagði til að Páll Svavarsson yrði fundarstjóri. Var það samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört Matthíasdóttir tæki að sér fundarritun og var það samþykkt.

Gengið til dagskrár:

**1. Skýrsla stjórnar**

Formaður kynnti skýrslu stjórnar 2017. Umræður sköpuðust um ýmsa þætti hennar. Fundarstjóri bar hana loks upp til samþykktar og var hún einróma samþykkt.

**2. Ársreikningar**

Gjaldkeri kynnti ársreikning 2017. Lagt var til að í framtíðinni verði grein gerð fyrir einstökum liðum, einkum er varðar styrki og árangur fjáröflunar.

Fundarstjóri bar reikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir einróma. Formaður færði Þórunni Þórhallsdóttur gjaldkera sérstakar þakkir fyrir hennar miklu vinnu og tóku fundarmenn undir þær.

**3. Stjórnarkjör**

Sitjandi stjórn gefur kost á sér til áframhaldandi setu. Önnur framboð bárust ekki. Stjórn var endurkjörin einróma.

**4. Árgjald**

Fundarstjóri bar fram tillögu stjórnar um að árgjald verði óbreytt, kr 2000.- þar sem margir hollvinir hafa ekki mikil fjárráð og samtökin leggja áherslu á aðrar fjáröflunarleiðir. Tillagan samþykkt.

**5. Önnur mál**

Birgir Ingimarsson sýndi myndband sem hann hefur staðið að ásamt THG arkitektum, af fyrirhuguðum breytingum á húsnæði Grenásdeildar.

Sigríður hjúkrunarforstjóri þakkaði Hollvinum fyrir stuðning þeirra við Grenásdeild og lýsti því hvað það er starfsfólki og skjólstæðingum mikilvægt að eiga svona góða bakhjarla sem hægt er að leita til hvenær sem er.

Sigríður sagði einnig frá því að áform um viðbygginguna hefðu verið send til skipulagsyfirvalda svo setja megj þau í deiliskipulag.

Fjörugar umræður sköpuðust um möguleika á nýju starfsári.

Loks var stjórn falið að ganga frá fundargerð aðalfundar og fundi slitið.

Dagbjört Oddný Matthíasdóttir fundarritari

